

## Nýir félagar

Við bjóðum nýja félaga velkomna í okkar hóp og tökum vel á móti þeim við þau tækifæri sem bjóðast í félagsheimilinu í vetur sem og á veiðisvæðum næsta sumar.

Nr. 667	Bjarni Svavarsson	Arnarhrauni 10	240 Grindarvík	426 7556
" 668	Guðmundur Stefánsson	Hlíðarhjalla 18	200 Kópavogi	564 3712
" 669	Hallur Páll Jónsson	Akurgerði 64	108 Reykjavík	568 2864
" 670	Bragi Guðmundsson	Túngötu 27	225 Bessasstaðahr.	565 2242
" 671	Sigurður K. Sigfússon	Dalvegi 24	201 Kópavogi	863 2227



Munið heimasíðu LS - [www.lina.is](http://www.lina.is)

Sumir velja sér  
tvo lífsförunauta  
um ævina

*Scott*  
er annar þeirra

Flugustangir með  
lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:  
Intersport  
Útiir  
Veiðibúðin við Lækinn  
Vesturröst

FLUGUSTANGIRNAR  
FRÁ BÆRU FRÁ SAGE



Serverslun fyrir fluguveiðimenn

ÁRMÓT

Þorsteinn Þorsteinsson  
Flóka­gata 62 - 105 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,  
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

<http://www.if.is/armenn>, [armenn@if.is](mailto:armenn@if.is).

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, [rholm@lina.is](mailto:rholm@lina.is).

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Mars 2002



## Verðlaunagetraun Áróðs 2002

Getraunaleikir af öllu tagi tröllríða íslensku þjóðlífi og ekki vill hið þjóðlega félag Ármenn láta sitt eftir liggja.

Myndin sem prýðir forsíðu blaðsins að þessu sinni sýnir þekkt veiðivatn á suðvesturhorni landsins í vetrarríki. Þar hafa að sögn oft veiðst margir góðir fiskar og hafa Ármenn bundist vatninu tryggðarböndum. Þeir lesendur sem telja sig þekkja staðinn ættu að hafa hraðar hendur og senda upplýsingar um nafn

hans í einum grænum hvelli á netfangið [rholm@lina.is](mailto:rholm@lina.is).

Dregið verður úr innsendum svörum og í verðlaun er heimild til að skrifa eina til tvær greinar í næsta tölublað Áróðs. Hugsanlegt er að fleiri en einum heppnum Ármanni verði veitt viðurkenning af þessu tagi.

Með kveðju,  
Ragnar Hólm # 511

**ARMENN**

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

## Dagskráin í Árósum

<b>Laugardagurinn 20. apríl</b>	<b>kl. 14.00</b>	<b>Vorfagnaður Ármanna</b>
Miðvikudagskvöldið 24. apríl	kl. 20.00	Fyrirlestur - efni óákveðið
Mánudagskvöldið 5. maí	kl. 20.00	Hnýtingakynning

Skegg og skott starfar af fullum krafti á mánudagskvöldum. Mætið með þvinguna og hnýtið flugurnar sem hann tekur. Á miðvikudagskvöldum er húsið opið til skrafs og ráðagerða. Opið er frá kl. 20.00 til 22.00 samkvæmt venju. Kastkennslan er iðkuð kl. 10.30 alla sunnudagsmorgna í íþróttahúsi Kennaraháskólans. Nú er uppselt á öll námskeið fram á vor. Kíkið í heimsókn og fylgist með því sem um er að vera!

Dagskrá gæti breyst og verður það þá auglýst sérstaklega hér í Áróði.

### Framhald af forsíðu... Opið bréf til félagsmanna


Mér er ljóst að forsíðubullið er helber aulahúmor og alls ekki sæmandi full-orðnum fluguveiðimönnum. Hins vegar hljóta allir góðir Ármenn að gera sér grein fyrir því að til þess að hægt sé að halda úti sémilegu málgagni, er nauðsynlegt að fleiri leggi hönd á plóginn - eða öllu heldur pennann.

Ég veit að innan raða Ármanna eru til margir gáfaðir menn (konur eru líka menn!) sem kunna ágætlega móðurmálið sitt og gætu sem hægst miðlað af reynslu sinni og þekkingu.

Hér með skora ég á alla Ármenn sem vilja veg Áróðs sem mestan, já sem vilja í rauninni að blaðið haldi áfram að berast þeim, að ryðjast nú fram á völlinn með pennann í hönd og láta blekið vella um

síðurnar. Og um leið og ég hvet menn til dáða, þakka ég þeim fáu sem þó hafa skrifað í blaðið.

Ragnar Hólm # 511



[www.flugur.is](http://www.flugur.is)

heiðinni (og kallað of dýrt) og vil með þessum greinarstúf leiðrétta misskilninginn.

Ég var sannast sagna fullur áhuga á að kynna Ármönnum óvenjulega kosti sem ég hafði sjálfur kynnst á liðnu sumri og sem sannur Ármaður vildi ég kynna þessa nýbreytni fyrir félögum mínum. Á Brekkulæk í Miðfirði rekur Arinbjörn Jóhannesson myndarlega ferðaþjónustu í anda þeirrar stefnu að gefast ekki upp við búskapinn en beina honum á aðrar og nýrri brautir. Fjöldi útlendinga sækir hann heim allt árið en eðlilega flestir á sumrin. Á hans vegum er farið með útlendinga í gönguferðir yfir þvera Arnarvatnsheiði, reiðtúra (s.k. hestaferðir) um sömu slóðir og um allt norðan og vestanvert landið.


Ég hef hitt Arinbjörn á hverju sumri síðan ég byrjaði að spila við varðeldinn í Húsafelli á sumrin og við höfum stundum spjallað saman og velt vöngum yfir möguleikum að gera eitthvað fyrir Íslendinga og hann benti mér á sl. sumar að hann hefði sett í ferðaframboðsbækl-inginn ferð á Tvidægru fyrir veiðmenn

sem væru alvöruveiðimenn og auk þess vaskir menn.

Ég gekk strax í að setja þetta fram sem möguleika fyrir Ámenn en þegar ég var að ganga frá kynningunni kom í ljós að hann gat ekki tryggt fararstjórn svo að hann bað mig að taka hana að mér. Ég viðurkenni að mér fannst það bara spennandi og sló til og setti mitt nafn í þann reit kynningarinnar. Þar með kom misskilningurinn upp og ekki bætti mannorð mitt oflof það sem ég fékk frá vini mínum og félagi, Eiríki, í sama tölublaði.

Ég sé að þetta lítur ekki vel út en ég vil fullvissa ykkur um að greinin Eiríks er ekki runnin undan mínum rifjum og ekkert er fjarri mér en að fara að vera með einhverja sölustarfsemi á sjálfum mér gagnvart ykkur, ágætu félagar. Svo ekki orð um það meir nema ef þið viljið skamma mig í tölvuskeyti eða bóka ykkur með mér á vit ævintýrana þá er netfangið ghaukur@centrum.is.

Guðmundur Haukur Jónsson # 524



### Vorfagnaður Ármanna Skemmtiatriði og léttar veitingar

Mætum öll laugardaginn 20. apríl kl. 14.00 í Árósa!



Veiðihornið Hafnarstræti kappkostar að bjóða fluguhnýturum landsins mesta úrval af fluguhnýtingaefni á góðu verði. Komið í heimsókn og sannfærast. Alltaf heitt á könnunni.

Munið vildarklúbb Veiðihornsins - afsláttur og góð tilboð.  
Veiðihornið Hafnarstræti - opið alla daga vikunnar. Sími 551 6760.

yrði notalegt að tylla sér. Þegar nær kom sá ég eitthvað hvítt flaksast í vindinum. Skemmt er frá að segja að við mér blasti ófögur sjón. Þarna hafði einhverjum orðið brátt í brók og bara látið vaða og ekki gert minnstu tilraun til að hylja eða dylja eitt né neitt. Klósettpappír á við og dreif, já heilar og hálfar rúllur, hlýtur að hafa verið útsala hjá þeim Bónus-fedgum, og svo þessi risastóri "manni" sem ég áætlaði ekki undir tveimur pundum. Ekki brá ég þó á hann kvarða né færði til bókar. En svona án gríns, það var þá til einhvers að hreinsa í vor eða hitt þó heldur.

Ég vil taka fram að ég ætla engum Ármanni, né þeim sem hafa yndi af að veiða í Hlíðarvatni, að fremja slíkt "HRYÐJUVERK", já ég segi og skrifu hryðjuverk, slík var aðkoman.

Ég fylltist skyndilegri reiði yfir því virðingarleysi sem menn geta sýnt og

hugsaði ekki beint hlýtt til Stakkavíkurdónans. Og óskaði ég honum þess heitast, að þegar hann munaði þarna og drjólinn leit dagsins ljós, þá hafi hinir grimmu Holugeitungar talið sér ógnað og framvarðarsveit þeirra svarað þessari tundurskeytaárás af fullum þunga.

Ég kallaði á strákinn, hafði ekki lyst á að vera þarna lengur og við gáfum skít (afsakið orðbragðið) í Stakkavík og reyndum fyrir okkur í Urðarvík og þar voru vænar bleikjur (málmgláðar), legg þetta til sem nýyrði um fisk í tókustuði, og við tókum gleði okkar á ný.

Ef svo skyldi nú fara að grein þessi beri fyrir augu hryðjuverkamannsins, má hann minnast þess að á hinu háa Alþingi var einu sinni talað um "skítlegt eðli".

Stefán Eiríksson

## Enn um ævintýri á Arnarvatnsheiði

Það er enn hægt að komast í ævintýraferð á Arnarvatnsheiðina 21. til 25. júní í sumar ef brugðist er hart við.

Eins og kemur fram í des-Áróði er um að ræða röltferð með leiðsögn um Tvídagru með gistingu í 4 nætur og fullu fæði auk veiðileyfa fyrir 65 þús. kr. Lagt verður upp frá Brekkulæk í Miðfirði og þar lýkur ferðinni einnig með kvöldverði, smartheitum og gistingu og síðan morgunverði áður en lagt er í hann heim eftir ævintýri Heiðarinnar.

Ég fullyrði að þetta verður einstök ferð sem lengi verður í minnum höfð hjá þeim sem hana fara.

Arinbirni er legið á hálsi fyrir að selja þetta dýrt en hver sem rýnir í verðlagninguna getur séð að verðið er aðeins sanngjarnt og það er ekki okrað hér og mætti í því samhengi benda á ýmislegt sem menn láta yfir sig ganga ef veiðleyfissalar heita öðrum nöfnum (og von er á öðrum fiskum sem mun minna láta til sín taka heldren fjörug heiðableikjan og urriðinn grimmi).

Mér fannst leitt að heyra, eftir að veiðframboðið var kynnt í desember-Áróði, að menn héldu að ég ætlaði að fara að græða á Ármönnum með því að selja þeim veiðileiðsögn á Arnarvatns-

## Innbrot í Hlíðarvatnshús Ármanna

Eins og þið kannski munið öll, þá eru í Hlíðarvatnshúsi nokkrar reglur sem gestir þar eru beðnir að fara eftir. Þessar reglur eru á íslensku og hanga uppi á veggjum og koma inn á nokkur svið sem snerta sérstaklega umgengni um húsið vegna sérkenna veitna þess, svo og umhverfið.

Dæmi um þetta eru leiðbeiningar um hvernig skuli fara með rafmagnsmálin við komu og brottför - það er jú 12 volta kerfi þarna sem er drifið af Sunnu og Kára.



Jæja, en til hvers þarf nýjar reglur? Jú, Hlíðarvatnsnefnd fór í ferðalag til Hlíðarvatns mánudaginn 18. mars til að taka saman hvað þarf að gera fyrir sumarið, mæla og meta ástand staðarins. Í ljós kom við komu á

staðinn að þar höfðu óboðnir gestir verið á ferð, einu sinni enn.

Þeir virðast ekki hafa haft lykil að húsinu, því þeir spenntu upp litla gluggann á forstofunni bakatil og komust þar inn. Þess vegna þurfum við að setja reglu og hengja utan á húsið sem gæti verið svona: „Það má bara fara inn í þetta hús ef maður hefur lykil að því!“

Þetta er annar gestahópurinn í vetur sem fer inn lykillaus, hinn fór þarna inn í byrjun desember og notaði þá steinn til að brjóta gler í útihurðinni.

En við þurfum líka nýtt klósett í Hlíðarvatnshús. Undirritaður hélt að það væri í lagi með það gamla, þrátt fyrir að lokið á vatnskassann væri límt á hann með límbandi. Eitthvað hafði þó verið minnst á það í vetur, t.d. á aðfundinum að klósettið væri ekki (Ár) mönnum bjóðandi. Mér fannst það í lagi - það var t.d. miklu betra en á sumarvinnustað mínum á menntaskólaárunum, á m.b. Geir RE. En nú er ég búinn að fá rækilega sönnun þess að ég hafði rangt fyrir mér og þið og allir hinir rétt.

Gestinum okkar fannst klósettið svo ljótt að hann gat ekki hugsað sér að nota það, heldur skeit bara á gólfíð - ekki einu sinni, heldur tvisvar. En það má þó segja honum til hróss að hann er snyrtipinni að einhverju leyti, því hann skeindi sér á eftir með skeinipappír (sem hann setti á sama stað og skítinn, þ.e. á gólfíð).

Ég er búinn að velta þessu svolítið fyrir mér og þetta er sumsé niðurstaðan, þarna er verið að segja það í eitt skipti fyrir öll: HÉR VANTAR NÝTT KLÓSETT! Ég hélt fyrst



SÉRVERSLUN FYRIR VEIÐIMENN

**VESTURRÖST**

Laugavegi 178, 105 Reykjavík, Símar 551 6770 og 581 4455  
Fax 581 3751

að það vantaði nýja reglu sem væri svona: Það er bannað að pissa (og kúka) bak við hurð - það á að gera svoleiðis í KLÓSETTIÐ!

Og eina reglu enn þurfum við - hún er svona: „Þegar maður er búinn að nota glös/ bolla, á að þvo þau og hengja VARLEGA upp á til þess gerða snaga/hillu.“ Þessi regla er til þess að menn haldi ekki að það eigi að kasta þessum hlutum úr sófanum í vaskinn, því það er svo mikil hætta á að maður hitti ekki - eins og gesturinn okkar virðist hafa lent í, glerbrot út um allt við vaskinn og í hillunni/snögunum, glasi/glösum virðist hafa verið hent af miklu afli á sinn stað með þessum afleiðingum að þau og annað sem á vegi þeirra varð brotnaði.

Og svo langar mig að hafa þessa reglu líka: „Gestir skulu ganga frá húsi við brottför og skila því til næstu gesta eins og þeir vilja koma að því.“ EN kannski ætti hún frekar að vera svona: „Gestir skulu ganga frá húsi við brottför og skila því hreinu og snyrtilegu til næstu gesta og taka allt rusl með sér í bæinn.“

JÁ, svo það fari ekki milli mála.

Ég tók allar reglurnar með mér í bæinn og er að skoða þær. Það er engin regla þar sem tekur á umgengni, einungis leiðbeiningar varðandi rafmagn, gas, vatn og svo góðar

óskir um að gestum líði vel - þarna klikkuð- um við greinilega alveg á þessu. Og svo vaknar spurningin hvort þetta þurfi að vera á fleiri tungumálum en íslensku?

Heiðar Rafn Harðarson



## Ævintýri á Austfjörðum - fluguveiði og sjóstöng -

Þeir sem hafa kynnst Birgi Alberts- syni á Stöðvarfirði og farið með honum í veiði eru allir sammála um að þar fari einstakur fararstjóri og ef þið, góðir félagar, eruð á ferð fyrir austan eða langar í ævintýri þá skuluð þið ekki hika við að hafa samband við hann. Svo er einstök tilfinning að gista í gömlu kirkj- unni þeirra Stöðfrðinga.

Ef menn veiða og hirða þorskin á sjóstönginni þá er hægt að fá hann salt-

aðan (flök) með sér í bæinn. Einnig er aðstaða til að kæla og frýsta laxa- og sil- ungaflok. Vert er að geta þess að öllu verði er stillt í hóf. Heimsókn til Birgis er því ódýr og frábær tilbreying.

Guðmundur Haukur Jónsson # 524

## Sá stóri í Stakkavík - lengi skal manninn reyna -

Það var á vordögum að ég átti stöng í Hlíðarvatni og fannst tilvalið að taka son minn með og kynna fyrir honum "dásemdir" þessa rómaða veiðivatns. Við vorum léttstígir feðgarnir er við tókum stefnuna á Botnavík og sagði ég honum frá kynnum mínum af veiðmönnum þar.

Eitt sinn er ég kom til veiða í vatninu sá ég þúst út í miðri Botnavík. Í fyrstu taldi ég þetta vera grjót, þá kom þar önd aðsvífandi og ætlaði að tylla sér, en kom þá líf í þústina og fuglinn fékk ekki heimild hjá Jóni Ísakssyni flugumferðar- stjóra, sem var á svæðinu, og flaug upp með gargi miklu. Þústin reyndist vera annar vaðfugl, Jón nokkur Pedersen.

Einnig það ég strákin að kippa sér ekki upp við það þó hann sæi manni bregða fyrir öðru hvoru með stóra bleikju. Það mundi trúlega vera kokkurinn með form- alín-bleikjuna sína sem fræg er orðin.

Fátt var um fina drætti í Botnavík að þessu sinni svo ég ákvað að næst skyldi borið niður í hinni veiðilegu Stakkavík. Ég lagði bílnum hjá bústaðnum og við örkuðum niður að vatninu og benti ég honum á hvar ég hafði fengið þann stóra um árið.

Ég sagði honum að byrja en fór sjálf- ur að svipast um eftir skjólgóðum stað til að græja mig á. Kom ég auga á grjótveg- sem lofaði góðu til að byrja með, þar



Svend Richter með eina væna úr Stakkavík - þó af öðru tagi en um er rætt í greininni